# Að búa til góð markmið

Hvernig eru markmið þróuð við gerð áætlunar um meðferð máls?

# Áætlun um meðferð máls

- Ástæða íhlutunar
- Markmið áætlunar
- Úrræði og aðgerðir til að ná markmiðum
  - Hlutverk forsjáraðila
  - Hlutverk barns
  - Stuðningsúrræði barnaverndar
- Tímabil áætlunar

# Að búa til góð markmið

- Skilgreining á vanda
- Væntingar lykilaðila
- Markmið (yfirmarkmið)
- Leiðir að markmiðum (undirmarkmið)

# Niðurstaða könnunar máls
## – ástæða íhlutunar –

- Hver er vandinn?
- Hver er tíðni vandans?
- Hvenær hófst vandinn?
- Hvar kemur vandinn fram?
- Hversu alvarlegur er vandinn?
- Áhættuþættir / verndandi þættir (ESTER-mat)

# Væntingar lykilaðila til íhlutunar
## – Að hverju er stefnt–

| | |
|---|---|
| Forsjáraðilar | |
| Barn/unglingur | |
| Barnavernd | |
| Skóli | |
| Meðferðaraðilar | |
| Aðrir samstarfsaðilar, s.s. lögregla, BUGL ofl. | |
| | |

# Markmið áætlunar

- Endurspegla væntingar lykilaðila og niðurstöður könnunar
- Eru vel skilgreind
- Aðgerðabundin
- Mælanleg
- Gefa til kynna hvert er stefnt með íhlutun

# “vond” markmið

- Að hjálpa foreldrum að ná tökum á uppeldishlutverki sínu.

- Styðja foreldra við að ná tökum á uppeldi sonar síns og hjálpa Jóa bæði félagslega og að ná tökum á daglegu lífi sínu og bættri líðan.

- Allir aðilar vilja stuðla að því að bæta uppeldisaðstæður Jóa.

# “vond” markmið

- Að aðstoða og leiðbeina móður í foreldrahlutverkinu þannig að hún nái stjórn á heimilinu og geti veitt drengnum þann ramma sem hann þarfnast.

# Dæmi um „betri“ markmið :

- Siggi mæti alla tíma í skólanum. Metið með gögnum frá skóla (Mentor) og frásögn foreldra.
- Jói mun ekki neyta fíkniefna eins og sannast af neikvæðum fíkniefnaprófum og upplýsingum frá foreldrum.
- Jói mun ekki komast í kast við lögin eins og sannast af upplýsingum frá foreldrum og lögreglu.
- Að foreldrar Jóa muni auka við færni sína og bjargráð í að takast á við ofangreinda hegðun Jóa eins og sannast af mati Barnaverndar (metið útfrá upplýsingum frá foreldrum og samstarfsaðila (t.d. Stuðlar, MST, BUGL, lögreglu)
- Faðir hætti að beita ofbeldi eins og sannast af frásögn móður, mati Barnaverndar (metið útfrá upplýsingum frá samstarfsaðilum).

# Úrræði og aðgerðir til að ná markmiðum (undirmarkmið)

- Leiðir til að ná yfirmarkmiðum
- Vel skilgreindar / aðgerðabundnar
- Mælanlegar
- Vikuleg, dagleg markmið, tímasett
- Fela í sér skilgreind hlutverk þeirra sem koma að áætluninni.

# Dæmi um undirmarkmið:

- Foreldrar munu mæta í viðtöl til undirritaðrar aðra hvora viku til að fara yfir þau úrræði sem unnið er með og meta stöðuna.
- Mamma og pabbi fylgja eftir umbunarkerfi daglega.
- Foreldrar fylgjast daglega með Mentor.
- Forsjáraðilar munu sjá til þess að Jói taki lyfin sín á hverjum degi.
- Undirritaður starfmaður Barnaverndar mun heimsækja fjölskyldu a.m.k. 1 x í mán á meðan áætlun er í gildi.
- Faðir mun sækja viðtöl hjá x sálfræðingi 1 x í viku, samt 10 skipti sem Barnavernd greiðir fyrir.

# Dæmi um undirmarkmið:

- Barnavernd mun sækja um MST fyrir fjölskyldu fyrir dags. xx. Þetta markmið verður uppfært í samræmi við hvort umsókn verður samþykkt eða ekki.
- Foreldrar munu vera í sambandi við x aðstoðar-skólastjóra  tvisvar í mánuði.
- Faðir mun mæta á fundi hjá Karlar til ábyrgðar 1x í viku.
- Starfsmaður Barnaverndar mun vera í sambandi við móður 1 x í viku til að meta stöðuna.
- Móðir mun fylgja eftir öryggisplani sem sett hefur verið upp með henni.